

Colas Ísland hf.
Gullhelli 1
221 Hafnarfjörður

12. janúar 2026
UOS2501710/K.K.

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 3. desember 2025, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í Colas Ísland hf. – Ammomatic þann 8. október 2025. Þann 18. desember 2025 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal hafa eftirlit og skal skrá upplýsingar um: viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnarbúnaði. Engar skráningar hafa verið gerðar vegna viðhalds, eftirlits né bilana í mengunarvarnarbúnaði.

Lýsing á úrbótum: Skráning í excel á viðhaldi, eftirliti og bilunum

Lok úrbóta: Lokið

Lýsing á úrbótum: Skoðun á öðru kerfi til að einfalda eftirfylgni

Lok úrbóta: 1. apríl 2026

2. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirliti fyrir árið 2022 var skilað of seint.

Lýsing á úrbótum: Þjálfar upp umhverfisstjóra og skila ársyfirliti á réttum tíma 2023, 2024, 2025 o.s.frv.

Lok úrbóta: Lokið

- 3-4 Gr. 4.2 í starfsleyfi. Mælingar skal gera einu sinni á ári vegna losunarmarka í gr. 3.5 í starfsleyfi. Í ársyfirliti fyrir árið 2022 kom fram að engar mælingar voru framkvæmdar. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Mælingar skal gera einu sinni á ári vegna losunarmarka í gr. 3.5 í starfsleyfi. Í ársyfirliti fyrir árið 2023 kom fram að engar mælingar voru framkvæmdar.

Lýsing á úrbótum: Fá mælingarmenn til að mæla útblástur í stöðinni 2024, 2025 o.s.frv.

Lok úrbóta: Lokið

5. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Útblástur skal standast losunarmörk sem sett eru í gr. 3.5 í starfsleyfi. Samkvæmt ársyfirliti fyrir árið 2024 kom fram að styrkur ryks var yfir mörkum í starfsleyfi.

Lýsing á úrbótum: Skipta um fillerkassa í stöð

Lok úrbóta: 30. Apríl 2026

- 6-8. Gr. 2 í reglugerð 851/2002 um grænt bókhald. Fyrirtæki sem færa eiga grænt bókhald skulu fyrir 1. maí ár hvert senda útgefanda starfsleyfis skýrslu um grænt bókhald. Grænt bókhald fyrir árið 2024 barst ekki fyrir 1. maí 2025. Gr. 11 í reglugerð 851/2002 um grænt bókhald. Fyrirtæki sem færa eiga grænt bókhald skulu fyrir 1. maí ár hvert senda útgefanda starfsleyfis skýrslu um grænt bókhald. Grænt bókhald fyrir árið 2023 barst ekki fyrir 1. maí 2024. Gr. 11 í reglugerð 851/2002 um grænt bókhald. Fyrirtæki sem færa eiga grænt bókhald skulu fyrir 1. maí ár hvert senda útgefanda starfsleyfis skýrslu um grænt bókhald. Grænt bókhald fyrir árið 2022 barst ekki fyrir 1. maí 2023.

Lýsing á úrbótum: Gera grænt bókhald tímanlega

Lok úrbóta: 1. maí 2026

9. Gr. 43 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir skulu tryggðar við reksturs lausageyma. Lífolía er geymd í bamba ekki í lekabyttu og án árekstrarvarna.

Lýsing á úrbótum: Setja bamba á lekabyttu og árekstrarvörn

Lok úrbóta: 30. janúar 2026

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Kristín Kröyer

Teymi eftirlits

Ágúst Már Sigurðsson

Lögfræðingur, teymi eftirlits